

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Bekkur: 10

Tímafjöldi á viku: 2 x 60 mín.

Kennsluaðferðir og skipulag

Að mestu verður notast við efni á netinu og efni búið til af kennara. Einnig verður notast við námsbókina Á ferð um samfélagið. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins og til að nemendur kynnist og nái tökum á fjölbreyttum leiðum til náms. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Í þessum áfanga verða útlistunarkennsla, spegluð kennsla, þjálfunaræfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitar aðferð og hópinnubrögð.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Lærir að greina aðalatriði frá aukaatriðum.- Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,- Nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,- Nýtir gagnvirkir námsefni.
Sjálfbærni	Nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Lærir um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.
Heilbrigði og velferð	Nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum,- Fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum.- Beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum.
Jafnrétti	Nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi.- Temur sér gagnrýna hugsun og skoðun.- Fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi.- Tekur tillit til skoðana annarra.- Metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausn hátt.
Sköpun	Nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Nýtir tæknina á skapandi hátt.- Virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.- Nýtir hæfileika sína og skapar afurð.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Þjóðfélagsfræði	Á ferð um samfélagið. Efni á netinu. Efni útbúið af kennara.	<ul style="list-style-type: none">- Greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig	<ul style="list-style-type: none">- Verkefnabók á Microsoft OneNote.- Hópverkefni.- Ritunarverkefni.

		<p>sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. - Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun. - Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. - Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar. - Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. - Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum. - Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. 	<ul style="list-style-type: none"> - Umræður og þátttaka í kennslustundum.
--	--	---	---

		<ul style="list-style-type: none"> - Greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög. - Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum. - Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis. - Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn. 	
Lífsleikni	Efni á netinu. Efni útbúið af kennara.	<ul style="list-style-type: none"> - Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. - Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. 	Umræður og þátttaka í kennslustundum